

GJALDSKRÁ

Búnaðarsamtaka Vesturlands.

1. gr.

Gjald fyrir kúasæðingar er 1,7% af afurðarstöðvarverði mjólkur, auk þess er:

	kr.
- gjald á sædda kú í skýrsluhaldi	1.300
- gjald á sædda kú utan skýrsluhalds	1.750
- gjald á sædda kú þar sem ekki er mjólkurframleiðsla	4.200
- gjald fyrir sæðingu úr holdanautum	1.200
Heimsóknargjald vegna sæðinga	700

2. gr.

	kr./klst.
Sérhæfð ráðgjöf og þjónusta við félagi í búnaðarfélagi	2.800
Sérhæfð ráðgjöf og þjónusta við bændur á starfssvæði B.V. utan búnaðarfélaga	3.200
Almennur taxti, útseld vinna fyrir aðila sem ekki eru bændur á starfssvæði B.V.	6.000
Almenna ráðgjöf fyrir bændur á starfssvæði B.V.	0

3. gr.

Á sérhæfða ráðgjöf, vinnu og almennan taxa sem óskað er að fari fram utan hefðbundins vinnutíma, reiknast 50% álag.

Reynist búrekstraráætlanir styrkhæfar samkvæmt samningi um búnaðarlög, verður styrkurinn viðskiptafærður á viðkomandi bónda.

Heimsóknargjald innheimtist við hverja heimsókn sæðingamanns, óháð fjölda sæðinga, sama gildir hjá þeim sem ekki eru með mjólkurframleiðslu og við notkun á holdanautasæði.

4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1., 2. og 3. gr.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 31. júlí 2003.

F. h. r.
Níels Árni Lund.

Atli Már Ingólfsson.